



Bæjarráð/umsögn

Kópavogi, 28. ágúst 2024
24082617/600.03 JBG

Efni: Fífan Dalsmári 5, Múlakaffi ehf. Umsögn um tímabundið áfengisleyfi.

Með bréfi þann 28. ágúst 2024 óskaði Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu eftir umsögn Kópavogsbæjar vegna umsóknar Múlakaffi ehf., kt. 660772-0229, um tímabundið áfengisleyfi vegna sjávarútvegssýningar í Fífunni sem haldin verður dagana 18.-20. september nk. frá kl. 11:00 til kl. 18:00, að Dalsmára 5, 200 Kópavogi, fasteignanúmer: 2257152, skv. 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 30. gr. rgl. nr. 1277/2016.

Samkvæmt 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 staðfestir sveitarstjórn sem umsagnaraðili að staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Um afgreiðslutíma áfengis vísast til lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015.

Staðsetning er í samræmi við gildandi skipulag og afgreiðslutími er innan þeirra marka sem 2. mgr. 25. gr. lögreglusamþykktar fyrir Kópavogsbæ nr. 675/2015 gerir ráð fyrir.

Undirritaður mælir með að veitt verði jákvæð umsögn.

Virðingarfyllst,

Jón Bragi Gíslason

Jón Bragi Gíslason
Aðstoðarmaður lögmanna